

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda á árinu 2002.

#### 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2001 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2002. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Eindagi er einum mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

#### 2. gr.

Þar til álagning ársins 2002 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr., er honum bar að greiða á árinu 2001. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2002 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald, eignarskatt og sérstakan eignarskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

#### 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2002 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra um úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

#### 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli árunna 2000 og 2001 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2000. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

#### 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

#### 6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2002 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Jón Guðmundsson.*